

Mál nr. 210/2020

**M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar A**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna foktjóns.**Gögn.**

Málskot mótttekið 19.06.2020.

Bréf V dags. 08.07.2020 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Viðbótarathugasemdir M, dags. 14.07.2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2020 hafi orðið tjón á tveimur bifreiðum, X og Z, sem séu í eigu B, við það að þakplötur frá fasteign A hafi fokið á þær. A hafi viðurkennt að eiga plöturnar, sem einnig hefðu skemmt fasteign og bifreiðar í eigu A, en hafi ekki viljað tilkynna V um tjónið.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að mikið óveður hafi gengið yfir á svæðinu, og hæsta skráða vindhviða hafi mælst 54,4 metrar á sekúndu. Um hafi verið að ræða eina mestu óveðurslægd síðustu ára og töluvert eignatjón hlotist af henni. Þá liggi fyrir yfirlýsing A um að umræddar þakplötur hafi verið á baklóð hans og fergðar niður með hellugrjóti. Þrátt fyrir þær ráðstafanir hafi þær fokið til, eins og raunar allt lauslegt á svæðinu, samkvæmt frásögn A, en tjón hans sjálfs megi rekja til grjótkasts en ekki platnanna. Verði tjón M því aðeins rakið til óveðurs en ekki saknæmrar háttsemi A. Þá liggi engin gögn fyrir um hið meinta tjón á bifreiðunum né um hvað hafi valdið því, og því sé alls ósannað að það sé að rekja til umræddra þakplatna en ekki annarra muna eða jarðefna sem hafi fokið um svæðið. Að endingu tekur V fram að M hafi aldrei verið skráður eigandi Z og geti því ekki átt bótarétt vegna skemmda á henni. Er bótaskyldu því hafnað.

Í viðbótarathugasemdum sínum gerir M athugasemdir við lýsingar A og V á atvikum.

Álit:

Bótaskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V er háð því að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M, sbr. og 10. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála. Þannig þarf tjón M að vera rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu A eða annarra vátryggðra og er það M að sýna fram á það. Gögn fyrir nefndinni eru nokkuð takmörkuð. Þannig liggja ekki fyrir ljósmyndir eða annað er sýni fram á tjón á umræddum bifreiðum, né nein gögn er sýni fram á hvað hafi valdið umræddum skemmdum. Jafnvel þó sýnt væri fram á að tjón á bifreiðunum megi rekja til umræddra þakplatna í eigu A hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi sýnt af sér saknæmt aðgæsluleysi við vörslur þeirra eða frágang, en af framlögðum gögnum er ljóst að vindstyrkur á svæðinu var gríðarlegur, og mesta hviða mældist 54,4 metrar á sekúndu. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar A hjá V

Reykjavík 1. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.